

Sveitarfélagið Vogar
lõndal 2
190 Vogar

Reykjavík, 31. júlí 2023
UST202307-292/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - íbúðarbyggð ofan við Dali - Vogar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Voga er barst 26. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð ofan við Dali í þéttbýli Voga.

Í erindinu kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að skipuleggja lágreista íbúðarbyggð með um 250 íbúðum í sérbýlishúsum. Gert er ráð fyrir að aðkoma akandi verði frá Vogavegi og lõndal. Lögð verður áhersla á að lóðir og byggingar falli sem best að landslagi og verða skilmálar settir varðandi slíkt í deiliskipulagi.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að talið sé að tillagan hafi neikvæð áhrif á hraun þar sem núverandi óraskað hraun svæðisins víkur fyrir manngerðu umhverfi og eru því áhrif á hraun mikil og óafturkræf.

Eins og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar varðandi lýsingu verkefnisins taldi stofnunin mikilvægt sé að hraunmyndanir á svæðinu væru kortlagðar og þær sýndar á korti/mynd sem fylgja tillögunni og hverfið hannað með tilliti til hraunsins.

Í skilmálum tillögunnar kemur fram að leitast sé við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða, eins og kemur margoft fram í greinargerð aðalskipulags.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun á hrauni nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir raski á hrauni þarf því, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög

um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa.

Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur sveitarfélaga kemur fram: Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Sveitarfélaginu ber einnig að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem krafa er um að þéttbýlið hreinsi skólp a.m.k. með grófhreinsun á skólpi (að mesta lagi 3 mm götun á beltasíu eða sambærilegt kerfi) eða það sem heilbrigðiseftirlit telur viðeigandi miðað við aðstæður.

Krafa um hreinsun er í gildi og óskar Umhverfisstofnun eftir að sveitarfélagið geri grein fyrir fyrirætlunum um hreinsun á fráveituvatni og hafi samráð og upplýsi Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um fyrirætlanir sínar.

Gera þarf grein fyrir hvernig og hvort eldra fráveitukerfi þéttbýlisins tekur við skólpi frá nýjum hverfum.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að sveitarfélagið hafi í huga og geri ráð fyrir aukinni hreinsun á skólpi í framtíðinni t.d. með því að gefa hreinsistöðvum meira rými í skipulagi. Einnig er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að hafa í huga hvernig það ætlar að takast á við loftslagsbreytingar með tilliti til álags á fráveitukerfi en nú þegar kemur fyrir að fráveitukerfi ráða ekki við vaxandi úrkomuákefð og ágang sjávar vegna hækkunar sjávarstöðu.

Auk þess vill stofnunin benda á að útrásirnar þurfa að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður

fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur